

Reglugerð um brottfall reglugerða á sviði fjármálamarkaðar.

1. gr.

Eftirtaldar reglugerðir falla brott:

- I. Reglugerð um almenn útboð verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 100.000 evra til 5.000.000 evra í íslenskum krónum, nr. 836/2013, með síðari breytingum.
- II. Reglugerð um almenn útboð verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 5.000.000 evra í íslenskum krónum eða meira og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, nr. 837/2013, með síðari breytingum.
- III. Reglugerð um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga, nr. 243/2006, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 19. gr. laga um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, nr. 14/2020, öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 18. desember 2020.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Benedikt Hallgrímsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.